

Nr. 31.
20.
október.

L ö g um bæjanöfn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Nöfnum á býlum, utan kaupstaða og kauptúna, þeim er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býli sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið fyrir einhverjar orsakir nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn. Samnefni á býlum í sömu sýslu má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, og upp hafa verið tekin áður en lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr., auk lögákveðins þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið 5 árum eldra en lög þessi, eða það sje gamalt en úrelt heiti á býlinu, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjald til sýslumanns og þinglestrargjald.

6. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, má nafnlaust vera.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni, eða húsi eða þurraðbúð í kaupstað eða sjóþorpi, og skal hann þá afhenda sýslumanni til

þinglestrar yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða landeign og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika, ef metið er. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni, eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda. Nr. 31.
20.
október.

Sýslumanni er heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sömu sýslu.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landssjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g

um sölu á þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði.

Nr. 32.
20.
október.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja þjóðjörðina Reyki í Hrútafirði með sömu skilyrðum og aðrar þjóðjarðir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.